


# UPPLÝSINGAR



## FYRIR EINSTAKLINGA MEÐ MEINVALDANDI BREYTINGU Í MITF GENI

1	<b>MITF</b>	Niðurstaða erfðarannsóknar leiddi í ljós að þú berð meinvaldandi breytingu í <i>MITF</i> geni
2	<b>Krabbameinsáhætta</b>	Þessi breyting gerir að verkum að þú hefur auknar líkur til að fá krabbamein í húð. Það er mikilvægt að muna að það er EKKI samasemmerki á milli þess að vera með breytinguna og að fá krabbamein.
3	<b>Næstu skref</b>	Þér verður vísað í eftirlit eftir því sem við á. Áhættuminnkandi aðgerðir geta einnig komið til greina. Best er að ræða þann kost við sérfræðilækna.
4	<b>Ættingjar</b>	Fleiri í fjölskyldu þinni gætu borið þessa sömu breytingu og hægt er að kanna hvort svo sé með erfðarannsókn.




Erfðamáti *MITF* breytingarinnar  
Það eru helmingslíkur á að foreldri sem ber breytinguna gefi hana áfram til sinna barna.

Myndin sýnir að jafn líklegt er að karlar og konur beri breytinguna og þau geta gefið hana áfram jafnt til sona sinna og dætra.

-  Með annað eintak gensins breytt
-  Hvorugt eintak gensins breytt

## ALMENNAR UPPLÝSINGAR FYRIR EINSTAKLINGA MEÐ MEINVALDANDI BREYTINGU Í *MITF* GENI

<b>Niðurstaða</b>	Meinvaldandi breyting	Við erfðarannsókn fannst meinvaldandi breyting í geni sem tengt hefur verið við arfgengt krabbamein.
<b>Gen</b>	<i>MITF</i>	Allir hafa tvö eintök af hverju geni og erfum við eitt eintak frá hvoru foreldri. Meinvaldandi breyting í öðru eintaki <i>MITF</i> gens getur aukið líkur á að þú fái ákveðnar tegundir krabbameins.
<b>Áhætta á krabbameini</b>	Aukin	Þú hefur auknar líkur á að fá húðkrabbamein (melonoma). Engar áhættutölur eru til fyrir þessa breytingu en þeim sem hafa hana er ráðlagt að forðast geisla og vera t.d. með sólarvörn í sólskini.
<b>Eftirlit</b>	 Fyrir konur og karla	Þeim sem bera meinvaldandi breytingu í <i>MITF</i> geni er ráðlagt að vera í eftirliti hjá húðlækni og láta hann vita af breytingunni.
<b>Áhættuminnkandi aðgerðir</b>	Breytilegt	Ákvarðanir tengdar áhættuminnkandi aðgerðum geta verið persónulegar og ákvarðast af fjölda mismunandi þátta. Best er að ræða þennan kost við sérfræðilækna.
<b>Ættingjar</b>	50% líkur	Þú hefur erfð breytinguna frá öðru foreldra þinna. Helmingslíkur eru á að þín börn og systkini beri þessa sömu breytingu. Breytingin gæti einnig fundist í fjarskyldari ættingjum. Hægt er að rekja breytinguna í fjölskyldunni.
<b>Næstu skref</b>	Umræða	Við mælum með því að þú deilir þessum upplýsingum til ættingja þinna svo þeir hafi tækifæri til þess að kynna sér málið. Þeir geta haft samband við Erfðaráðgjöf Landspítalans hafi þau hug á að koma í erfðaráðgjöf og/eða erfðarannsókn. Síminn er 543 5070 og póstfangið esd@landspitali.is
<b>Tenglar</b>	Frekari upplýsingar	<ul style="list-style-type: none"><li>• Heimasíða Landspítalans – <a href="http://www.lsh.is">www.lsh.is</a></li><li>• Krabbameinsfélagið – <a href="http://www.krabb.is">www.krabb.is</a></li><li>• Íslensk upplýsingasíða um húðkrabbamein - <a href="https://doktor.frettabladid.is/sjukdomur/hudkrabba-mein-og-faedingarblettir">https://doktor.frettabladid.is/sjukdomur/hudkrabba-mein-og-faedingarblettir</a></li><li>• Vísindavefurinn - <a href="https://www.visindavefur.is/svar.php?id=74477">https://www.visindavefur.is/svar.php?id=74477</a></li><li>• Áhættureiknivél – <a href="http://www.ask2me.org">www.ask2me.org</a></li><li>• Hópar á samfélagsmiðlum</li></ul>